

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1995

Nr. 76

250

3. maí 1995

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 16. maí 1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 16. maí 1995.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 77

4. maí 1995

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 4. maí 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.